

SKOTÞING 2016 haldið 14.maí í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Halldór Axelsson formaður STÍ setur þingið.

Hann stingur uppá Ómari Ö. Jónssyni, Gunnari Sigurðssyni og Helgu Jóhannsdóttur í kjörbréfanefnd.

Halldór stingur uppá Jóni S. Ólasyni sem þingforseta.

Þingforseti tekur við stjórn fundarins og stingur uppá eftirtöldum í starfsnefndir þingsins:

a) Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason

Hákon Þ. Svavarsson

Bjarni Sigurðsson

b) Laganefnd:

Arnbergur Þorvaldsson

Guðmann Jónasson

Ólafur Másson

c) Allsherjarnefnd:

Halldór Axelsson

Jórunn Harðardóttir

Bára Einarsdóttir

Ofangreindar tillögur eru allar samþykktar með lófataki.

Skýrslu stjórnar flytur formaður STÍ Halldór Axelsson.

Halldór býður fulltrúa ÍSí velkominn en það er Hafsteinn Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSí.

SKÝRSLA stjórnar:

Síðasta ár er sennilega það viðburðaríkasta frá stofnun STÍ og ber þar hæst framkvæmd og keppni í skotgreinum á Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru á Íslandi í júní 2015.

Gífurleg vinna hafði farið í undirbúning og var mikill metnaður lagður í að keppni skotíþróttar stæðist staðla ISSF og að aðstaða væri sem best fyrir keppendur og fylgdarlið. Með mikilli vinnu sjálfboðaliða og góðri umgjörð ÍSí tókst að halda vel heppnaða leika þar sem keppt var í sex skotgreinum karla og kvenna. Okkar keppendur stóðu sig frábærlega og unnu til sjö verðlauna af 18 og voru með flest verðlaun þjóða sem kepptu í skotíþróttum. Að öðrum ólöstuðum er óhætt minnst sérstaklega árangurs tveggja okkar keppenda þ.e. gullverðlaun Írisar Evu Einarsdóttur í loftrifflí og íslandsmet Arnar Valdimarssonar í skeet 121 af 125.

Á meðan á leikunum stóð fengum við mikið hrós fyrir framkvæmd og aðstöðu frá fararstjórum þátttökuþjóða og einnig glimrandi umsögn frá eftirlitsmanni ISSF Kevin Kilty. Þetta hefði aldrei verið mögulegt nema með vinnuframlagi sjálfboðaliða úr okkar röðum,

sem lögðu á sig mikla og óeigingjarna vinnu til að gera okkar þátt í Smáþjóðaleikunum sem glæsilegastan, og vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn fyrir þeirra frábæra framlag.

Strax að loknum Smáþjóðaleikum tók við annað ánægjulegt verkefni sem voru Evrópuleikarnir í Baku í Azerbaidjan, þangað var boðið 30 efstu keppendum á afrekslista Evrópusambandsins í Skotíþróttum. Ísland átti tvo keppendur í skotfimi á leikunum þá Ásgeir Sigurgeirsson í loftskammbýssu AP 60 og frjálsri skammbýssu FP 60 og Hákon Þór Svavarsson í Skeet. Á mótinu náði Ásgeir bestum árangri keppenda Íslands yfir allar íþróttagreinar, fimmta sæti í frjálsri skammbýssu FP 60.

Eins og sést hér eftir umfjöllun um Smáþjóðaleika og Evrópuleika að það er mikill kraftur í okkar íþróttafólki og eru miklar framfarir flestum greinum sem stundaðar eru undir okkar merkjum. Til viðbótar við árangra á fyrirtöldum leikum er rétt að minna einnig á árangur Sigurðar Unnars Haukssonar á EM í Skeet sem haldið var í Maribor í Slóveníu, þar náði Sigurður 21. sæti á skorinu 119 á sínu fyrsta ári í fullorðins flokki og einnig nýtt Íslandsmet Jóns Þórs Sigurðssonar í 50 metra liggjandi riffli PR60 623,7 stig sett á nýliðnu Íslandsmóti. Síðast en ekki síst eru árangrar Ásgeirs Sigurgeirssonar á síðastliðnu tímabili þeir bestu frá upphafi skotíþróttá hérlendis. Til viðbótar við fimmta sæti á Evrópuleikunum hafði Ásgeir fyrr á árinu einnig náð fimmta sæti í Frjálsri skammbýssu FP 60 á Heimsbikarmóti í Changwon í Kóreu og er nýkominn heim frá heimsbikarmóti í Rio de Janeiro þar sem að hann endaði í níunda sæti í sömu grein.

Ærin verkefni liggja fyrir stjórn STÍ og verður helst að telja nýja afrekstefnu sambandsins sem mun verða leiðbeinandi um alla okkar starfsemi til framtíðar, hún verður kynnt betur síðar á þessu þingi.

Framundan er fjöldi íþróttaviðburða bæði hérlendis og erlendis, haldið verður D þjálfaranámskeið í skammbýssu og síðar í riffli og von er um að fá þjálfara til að vera með námskeið og/eða fyrirlestra í sem flestum greinum.

Ný heimasíða hefur ekki enn séð dagsins ljós og höfum við lent í hremmingum með þá aðila sem tóku verkefnið að sér. Við munum leggja áherslu á að síðan fari upp sem fyrst og er sú vinna í gangi.

Hjá aðildarfélögum okkar er áframhaldandi aukning iðkenda og aðstaða hefur verið bætt til muna víða um land, sem hefur skilað sér í fjölgun keppenda á mótum STÍ og betri árangri.

Nú er stutt í Ólympíuleika, þar sem að við eigum góða von um að eiga keppanda. En í kjölfar leikanna búumst við einnig við breytingum á Ólympískum keppnisgreinum skotíþróttar sem mun hafa mikil áhrif á hvaða greinar eiga möguleika á styrkjum til keppnisferða. Þessar breytingar hafa verið mikið til umfjöllunar undanfarið og snúast að mestu um jafnræði kynja til þátttöku á leikunum. Endanlegar ákvarðanir um þessi mál verða kynntar í kjölfar leikanna í Ríó.

Að lokum vil ég þakka sambandsaðilum gott samstarf á liðnu tímabili.

F.h. Stjórnar Skotíþróttasambands Íslands
Halldór Axelsson

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri STÍ skýrir reikninga sambandsins. Hann flytur einnig fjárhagsáætlun stjórnar. Einnig skýrði hann tillögu að lagabreytingum.

Fjárhagsáætlun stjórnar:

GJÖLD:	<i>Krónur</i>
<i>Þjálfun, kennsla, námskeið</i>	1.500.000
<i>Skrifstofukostnaður</i>	3.500.000
<i>Þátttaka í erlendum mótum</i>	8.500.000
<i>Annað ófyrirséð</i>	800.000
	14.300.000
TEKJUR:	
<i>Lottó</i>	3.600.000
<i>Útbreiðslustyrkur</i>	2.000.000
<i>Ríkisstyrkur skrifstofu</i>	2.850.000
<i>Afrekssjóður ÍSÍ - Ásgeir Sigurgeirsson</i>	2.400.000
<i>Afrekssjóður ÍSÍ - Fagteymi v. Ásgeir</i>	150.000
<i>Afrekssjóður ÍSÍ - Landsliðsverkefni haglabyssu</i>	600.000
<i>Afrekssjóður ÍSÍ - Landsliðsverkefni loftbyssu</i>	600.000
<i>Afrekssjóður ÍSÍ - Fagteymi/fræðsla afrekshópa</i>	100.000
<i>Ólympíusamhjálp v. Ásgeir Sigurgeirsson</i>	1.625.000
<i>Aðrar tekjur</i>	2.000.000
	15.925.000
TEKJUAFGANGUR	1.625.000

Tillaga um breytingu á lögum STÍ :

Var:

3. grein

STÍ er aðili að Alþjóða skotíþróttasambandinu ISSF, Evrópuskotsambandinu ESC, og Skotsambandi Norðurlanda NSR. STÍ sækir um aðild að öðrum alþjóðasamböndum samkvæmt ákvörðun Skotíþróttáþings.

Verður:

3. grein

STÍ er aðili að Alþjóða skotíþróttasambandinu ISSF, Evrópuskotsambandinu ESC, **Alþjóðasambandi BR50 WRABF og** Skotsambandi Norðurlanda NSR. STÍ sækir um aðild að öðrum alþjóðasamböndum samkvæmt ákvörðun Skotíþróttáþings.

Var:

7. grein

Skotíþróttatæping er æðsta framkvæmdavald um málefni STÍ. Skotíþróttatæping skal haldið í janúar til maí ár hvert og skal þingið boðað bréflæga með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Verður:

7. grein

Skotíþróttatæping er æðsta framkvæmdavald um málefni STÍ. Skotíþróttatæping skal haldið í janúar til maí ár hvert og skal þingið boðað bréflæga **eða með rafrænum hætti t.d. með tölvupósti**, með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Fjárhagsáætlun er vísað til Fjárhagsnefndar og lagabreytingum til Laganefndar.

Hafsteinn Pálsson fulltrúi ÍSÍ tók til máls og tjáði ánægju ÍSÍ á framvæmd Smáþjóðaleikanna. Hann sagði þá hafa verið til fyrirmyndar hjá STÍ og nefndi sérstaklega verðlaunaafhendinguna í greinunum. Hann sagði ánægjulegt að sjá eiginfjárstöðu sambandsins og að fjármagn sé til staðar til að takast á við tekjuburra tíma. Hann nefnir mikilvægi Íslenskrar Getspár og Lottó fyrir íþróttahreyfinguna. Fyrir Alþingi hafa legið tillögur sem gætu minnkað innkomu úr þessum fyrirtækjum fyrir okkur. Félögin þurfa að standa vörð um þennan þátt og berjast fyrir tilveru þeirra fyrir íþróttahreyfinguna. Hann segir spennandi að sjá hvort við náum skotíþróttamanni inná Ólympíuleikana í Ríó í ágúst.

Fundarhlé er gert kl. 11:30

Helga Jóhannsdóttir kom fyrir hönd kjörbréfanefndar og hafði við nafnakall. 27 fulltrúar frá 8 félögum er mættir til fundar.

Arnbergur Þorvaldsson talaði fyrir hönd laganefndar og lagði til að lagabreytingartillögur verði samþykktar. Fundur samþykkti einróma.

Guðmundur Kr. Gíslason talaði fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og lagði til að hún yrði samþykkt. Fundurinn samþykkti hana einróma.

Halldór Axelsson talaði fyrir að hækkun á keppnis-og félagaskiptagjaldi yrði samþykkt til samræmis við þróun vísitalna en gjaldið hefur verið óbreytt á annan áratug. Félög hvatt til að skoða hvort þurfi að koma til hækkunar á mótagöldum. Bára Einarsdóttir leggur til að taka hækkunina í tveimur þrepum og halda sig við keppnisgjaldið hækki í kr. 1,500 en félagaskiptagjaldið verði kr. 6,000 einsog tillagan hljóðaði uppá . Gjaldbreyting þessi var svo lögð fyrir og hækkun samkvæmt tillögu stjórnar var samþykkt með 15 atkvæðum gegn 9.

Þingforseti fer svo í stjórnarkjör þar sem allir voru sjálfkjörnir. Hann leggur svo fram nefndarkjörlista frá stjórn.

Aðalstjórn:

Halldór Axelsson, SR, tillaga um formann til 1árs

Í framboði til kjörs til tveggja ára eru tveir aðilar, kosið er um tvö sæti:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára - sjálfkjörinn

Jórunn Harðardóttir, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára - sjálfkjörin

Varastjórn:

Ómar Jónsson, SKV, tillaga um setu í varastjórn til 2ja ára - sjálfkjörinn

Áfram sitja:

Jóhann A. Kristjánsson, SFK, situr áfram í aðalstjórn

Kjartan Friðriksson, SR, situr áfram í aðalstjórn

Ómar Ö. Jónsson, SA, situr áfram í varastjórn

Tilkynning um framboð ofangreindra barst stjórn STÍ innan tilskilins frests.

Tillaga fráfarandi stjórnar um eftirtalda nefndarmenn:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR

Jónas Hafsteinsson, SFK

Varamenn:

Hermann Kristjánsson, SR

Jónas Andrésón, SK

Mótanefnd:

Örn Valdimarsson, SR

Jóhann A. Kristjánsson, SFK

Guðmann Jónasson, MAV

Varamenn:

Finnur Steingrímsson, SA

Jórunn Harðardóttir, SR

Kári Grétarsson, SÍH

Dómaranefnd:

Kristinn Rafnsson, SÍH

Steinar Einarsson, SFK

Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Áki H. Garðarsson, SA

Sigurgeir Arnþórsson, SR

Ívar Erlendsson, SÍH

Aganefnd:

Jón S. Ólason, SKA

Jóhann Norðfjörð, SFS

Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Arnbergur Þorvaldsson, SR
Bjarni Sigurðsson, SK
Sigurður Á. Sigurðsson, SA

Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Jón S. Ólason, SKA
Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Bragi Þ. Jónsson, SR
Guðmann Jónasson, MAV
Ómar Ö. Jónsson, SA

Þingforseti leggur til að stjórn verði falið að velja menn til setu á ÍSí þingi og er það samþykkt.

Undir liðnum önnur mál tekur Halldór Axelsson til máls um Afreksstefu sambandsins. Hann leggur áherslu á mikilvægi hennar. Félögin þurfa að átta sig á hvaða íþróttastarf á sér stað innan félaganna. Íþróttamótun er mikilvæg og því þurfa félögin að fara í naflaskoðun á sínu innra starfi. Þar kemur sértaklega að menntun þjálfara eða leiðbeinenda á félagsstigi. ÍSí spyr hverjar kröfur til íþróttamanna séu varðandi æfingamagn og fyrirkomulag. Skilgreina þarf hvað er afrek og hvaða kröfur eru gerðar til að skilgreina árangur sem afrek. Einhver félög stunda aðallega greinar sem eru ekki innan Ólympíuhreyfingarinnar en slíkar greinar njóta ekki styrkja til jafns við ÓL-greinar.

Ómar Jónsson spyr um stöðu FITASC inngöngu og Halldór Axelsson svarar að það sé að detta í gegn og Compak sporting verði greinin sem við förum í.

Guðmann Jónasson spyr um stöðu á þýðingu kennslubókar úr dönsku. Halldór Axelsson svarar því til að búið sé að tala við þýðanda en enn vanti samþykki danska skotsambandsins á verkefninu. Það mun vonandi ganga eftir innan skamms.

Halldór Axelsson leggur áherslu á að félögin uppfæri félagaskrá sína reglulega og fari yfir skrána svo upplýsingar í tölvukerfi hreyfingarinnar séu ávallt með nýjustu upplýsingar um iðkendur.

Formaður þakkar fundarmönnum setuna og slítur þingi kl. 12:48

Guðmundur Kr. Gíslason, þingritari
Jón S. Ólason, þingforseti